

AUGLÝSING

um staðfestingu starfsreglna Flugþróunarsjóðs.

Með vísan til samþykktar ríkisstjórnar Íslands frá 30. október 2015 um að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hefja undirbúning að stofnun Flugþróunarsjóðs og með vísan til skipunarbréfs stjórnar Flugþróunarsjóðs frá 19. maí 2016 staðfesti iðnaðar- og viðskiptaráðherra í dag, 14. júlí 2016, starfsreglur stjórnar sjóðsins.

Starfsreglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. júlí 2016.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Fylgiskjal.

STARFSREGLUR stjórnar Flugþróunarsjóðs.

1. gr.

Flugþróunarsjóður.

Þann 30. október 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hefja undirbúning að stofnun Flugþróunarsjóðs. Byggði samþykktin á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði um aukna möguleika í millilandaflugi.

Markmið sjóðsins er að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvöllina Akureyri og Egilsstaði. Með því er stuðlað að dreifingu ferðamanna um landið í samræmi við *Vegvísi í ferðaþjónustu*, bættri nýtingu innviða ríkisins, bættum búsetuskilyrðum og lífsgæðum heimamanna og bættum rekstrarskilyrðum atvinnureksturs á Norður- og Austurlandi.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, leiðarþróunardeild sbr. 5. gr. og markaðsþróunardeild, sbr. 6. gr.

2. gr.

Stjórn Flugþróunarsjóðs.

Stjórn Flugþróunarsjóðs starfar á grundvelli skipunarbréfs frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra dagsetts 19. maí 2016. Stjórn Flugþróunarsjóðs setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir.

Stjórn Flugþróunarsjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar úr sjóðnum og gerir samninga við umsækjendur um styrki í samræmi við þá fjárheimild sem til ráðstöfunar er á fjárlögum hverju sinni til þessa verkefnis og skulu styrkfjárhæðir takmarkast við það.

Við afgreiðslu erinda skal stjórn sjóðsins fara að reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferð og hæfi. Um þagnarskyldu gilda reglur laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stjórn sjóðsins fylgist reglulega með stöðu sjóðsins og framvindu verkefna á grundvelli upplýsinga frá vinnuhópi stjórnar sbr. 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðir um fundi sína og skulu þær undirritaðar af þeim sem fundinn sitja.

3. gr.

Vinnuhópur stjórnar.

Fulltrúar frá Markaðsstofu Norðurlands, Austurbrú, Isavia og Íslandsstofu eiga fulltrúa í vinnuhópi stjórnar. Vinnuhópurinn skiptir með sér verkum varðandi boðun funda og fundarstjórn. Vinnuhópur stjórnar þarf ekki að vera skipaður sömu fulltrúum og stjórn sjóðsins.

Vinnuhópurinn fer yfir þær umsóknir sem berast til sjóðsins og á samskipti við umsækjendur vegna umsókna. Þá fylgist vinnuhópurinn með framvindu samninga sem gerðir eru við umsækjendur sbr. 5. og 6. gr. og gefur stjórn upplýsingar um framvindu verkefna svo að hún geti tekið ákvörðun um greiðslur úr sjóðnum.

4. gr.

Umsóknir.

Umsækjandi getur sótt um styrki til sjóðsins vegna uppbyggingar á reglulegu beinu flugi til Akureyrar eða Egilsstaða. Með reglulegu beinu flugi er átt við að flugið komi beint erlendis frá, þ.e. að ekki sé millilent fyrst á öðrum flugvelli á Íslandi. Áætlunar- eða leiguflugferðir sem leggja áherslu á sölu flugsæta frá Íslandi eru ekki styrkhæfar.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um tímasetningu auglýsinga út frá stöðu sjóðsins. Auglýsa skal eftir umsóknum í fjölmiðlum og á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Íslandsstofa og ISAVIA munu auk þess kynna starfsemi sjóðsins og vekja athygli sinna tengiliða á því þegar stjórnin auglýsir eftir styrkjum.

Heimilt er að auglýsa sérstaklega eftir styrkumsóknum í tiltekna deild og skal þess þá getið í auglýsingu.

Umsóknum skal skilað rafrænt á sérstöku umsóknareyðublaði til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem heldur utan um gögn sem berast sjóðnum og annast greiðslur til umsækjenda samkvæmt ákvörðun stjórnar.

5. gr.

Forsendur og forgangsröðun styrkja.

Stjórn Flugþróunarsjóðs metur umsóknir og afgreiðir erindi umsækjenda. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að úthluta fé úr sjóðnum umfram þær fjárheimildir sem Alþingi hefur samþykkt að veita til sjóðsins hverju sinni.

Þar sem fjármunir sjóðsins eru takmarkaðir skal stjórn sjóðsins úthluta styrkjum til umsækjenda samkvæmt eftirfarandi forgangsröðun:

1. Fyrsti forgangur er á áætlunarflug flugrekstraraðila sem býður einstök sæti til sölu í reglulegu áætlunarflugi og sætin eru í almennri dreifingu á markaði.
2. Annar forgangur er á reglubundið flug, þar sem umsækjandi býður pakkaferðir til sölu í áætlunarflugi yfir lengra tímabil og býður auk þess stök flugsæti til sölu á almennum markaði.
3. Þriðji forgangur er á reglubundið leiguflug, þ.e. þjónustu sem boðin er af umsækjanda, t.d. pakkaferð, þar sem ekki er hægt að kaupa stakt flugsæti á markaði.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum vegna flugs eftir 1. júní 2016.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. er stjórn sjóðsins heimilt að veita lægri styrki fyrir hvern lentan farþega ef fjárhagsleg staða sjóðsins gerir það að verkum að ekki er mögulegt að veita fulla styrki.

Stjórn sjóðsins er heimilt að hafna styrkbeiðni umsækjanda sem uppfyllir skilyrði 7. gr. ef stjórn sjóðsins telur að búið sé að styðja nægilega við markaðssetningu á viðkomandi svæði eða flugleið með fyrri styrkjum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að synja umsækjanda um styrk ef sýnt þykir að verkefnið muni ekki hámarka nýtingu og virðisauka fjármuna. Til að leggja mat á það er stjórn sjóðsins heimilt að kalla eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru.

6. gr.

Styrkhæf verkefni úr leiðarþróunardeild.

Umsækjandi getur fengið styrk úr leiðarþróunardeild fyrir hvern lentan farþega á Akureyri eða Egilsstöðum með eftirfarandi hætti:

1. Vetur (október - apríl): Ef umsækjandi flýgur að lágmarki 12 flug á tímabilinu getur hann fengið 15 evrur í stuðning fyrir hvern lentan farþega.
2. Vor/haust (maí og/eða september): Ef umsækjandi flýgur að lágmarki 8 flug á tímabilinu til viðbótar við 12 flug á sumar- eða vetrartíma sbr. 1. og 3. tl. 1. mgr. getur hann fengið 12 evrur fyrir hvern lentan farþega.
3. Sumar (júní - ágúst): Ef umsækjandi flýgur að lágmarki 1x í viku og a.m.k. 12 flug á tímabilinu getur hann fengið 10 evrur í styrk fyrir hvern lentan farþega.

Ef umsækjandi flýgur þrisvar í viku og/eða er með flug í meira en þrjá mánuði samfleytt getur hann fengið 3 evrur í styrk fyrir hvern lentan farþega til viðbótar við styrk samkvæmt 1. mgr. Viðbótarstyrkur skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. á ári.

Við mat á umsóknum um styrki úr leiðarþróunardeild eru flug samkvæmt 1. tl. 1. mgr. í fyrsta forgangi, flug samkvæmt 2. tl. 1. mgr. í öðrum forgangi og flug samkvæmt 3. tl. 1. mgr í þriðja forgangi.

Umsækjandi gerir samning við stjórn Flugþróunarsjóðs um styrki. Umsækjandi skal skila yfirliti yfir flug og farþega fjölda til vinnuhóps stjórnar. Eftir yfirferð vinnuhópsins er málið tekið fyrir í stjórn og ákvörðun tekin um greiðslur. Fyrsta greiðsla skal fara fram þremur mánuðum eftir undirritun samnings en eftir það skulu greiðslur fara fram í lok hvers mánaðar. Greiðslur úr sjóðnum byggja á því að framgangur verkefnis sé í samræmi við samninga þar um.

Styrkir til hvers umsækjanda samkvæmt þessari grein skulu aldrei vera hærri en sem nemur 200.000 evrum á þriggja ára tímabili. Við umreikning yfir í íslenskar krónur skal miða við gengi sem ESA gefur út ár hvert og birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins og á vef stofnunarinnar. Við útreikning hámarksfjárhæðar skal reikna með aðra styrki sem umsækjandi hefur fengið frá opinberum aðilum. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem umsækjandi hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem ESA hefur samþykkt. Umsækjandi skal staðfesta í umsókn sinni um styrk úr sjóðnum að hann uppfylli skilyrði þessarar málsgreinar.

7. gr.

Styrkhæf verkefni úr markaðsþróunardeild.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði 1. mgr. 6. gr. um tíðni flugferða getur hann fengið styrk úr markaðsþróunardeild að lágmarki 10 m.kr. fyrir hverja flugleið til að kynna viðkomandi áfangastað.

Umsækjandi gerir samning við stjórn Flugþróunarsjóðs um framkvæmd markaðssetningar. Samningurinn þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Umsækjandi leggi fram jafnháa upphæð til markaðssetningar og hann fær úr sjóðnum.
2. Áhersla sé á að kynna áfangastaðinn en ekki umsækjandann sjálfan.
3. Svæðið sé kynnt í heild sinni og í kynningarefni sé ekki ein vara á svæðinu kynnt umfram aðra.
4. Kveðið sé á um hvers konar verkefni umsækjanda er heimilt að ráðast í á grundvelli styrksins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera kröfu um að notaðar séu ákveðnar boðleiðir við markaðssetningu. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leggja sjálfstætt mat á áætlaðan kostnað eða áætlað verðmat umsækjanda á markaðssetningu.

Umsækjandi skal skila skýrslu til vinnuhóps stjórnar um framkvæmd samningsins áður en til greiðslu kemur. Eftir yfirferð vinnuhóps er skýrslan tekin fyrir í stjórn sem tekur ákvörðun um greiðslur. Fyrsta greiðsla skal fara fram þremur mánuðum eftir undirritun samnings en eftir það skulu greiðslur fara fram í lok hvers mánaðar. Greiðslur úr sjóðnum byggja á því að framgangur verkefnis sé í samræmi við samninga þar um.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að veita umsækjanda styrk úr markaðsþróunardeild ef tíðni flugferða er að lágmarki helmingur af þeirri tíðni sem gerð er krafa um í 1. mgr. 6. gr. og stjórnin telur að það komi til með að styðja við markmið sjóðsins til lengri tíma litið.

Við mat á umsóknum úr markaðsþróunardeild eru umsækjendur sem uppfylla skilyrði 1. tl. 1. mgr. 6. gr. í fyrsta forgangi, skilyrði 2. tl. 1. mgr. 6. gr. í öðrum forgangi, skilyrði 3. tl. 1. mgr. 6. gr. í þriðja forgangi og skilyrði 5. mgr. þessarar greinar í fjórða forgangi.

8. gr.

Upplýsingagjöf og ábyrgð umsækjanda.

Styrkur er veittur til tilgreindra verkefna sem gerðir eru samningar um sbr. 5. og 6. gr. Umsækjanda er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa honum til annarra aðila eða til annarra verkefna en getið er um í umsókn.

Umsækjandi skal tilkynna sjóðnum án tafar ef breytingar verða á högum hans sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Ef breytingar á högum umsækjanda skerða fyrirsjáanlega möguleika hans á að ljúka verkefni á tilsettum tíma fellur réttur umsækjanda til styrkveitingar niður.

Umsækjandi ábyrgist að öll lögbundin leyfi og samþykktir vegna verkefna sem tilgreind eru í umsókn liggja fyrir áður en styrkur er greiddur út.

9. gr.

Vanefndir.

Brot umsækjanda á gerðum samningum eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja veitir sjóðnum heimild til að stöðva greiðslur til umsækjanda, fella niður styrk og krefjast fullrar endurgreiðslu á því sem umsækjandi hefur fengið greitt frá sjóðnum á grundvelli samnings. Brot á samningi eða starfsreglum þessum getur einnig haft áhrif á möguleika umsækjanda til frekari styrkveitinga.

Mál er kunna að rísa út af ágreiningi um reglur þessar eða samninga sem gerðir eru samkvæmt þeim skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu ráðherra.